JUAN — Jenna Jensdóttir skrifar um bókina Yfir kaldan Kjöl



Sýning Magnúsar Á. Árnasonar

Myndlist

eftir VALTÝ PÉTURSSON

Það er mikið um að vera á Kjarvalsstöðum þessa dagana. Þrjár sýningar þar í báðum sölum og kaffistofu, ásamt brúðuleikhúsi á gangi. Þetta er mjög ánægjulegt og sýnir vel, hvað hægt er að gera starfsemi þessarar stofnunar lifandi og fjölbreytilega, því að ekki verður annað sagt en að þessi starfsemi sé fjölbreytt þar sem þessar þrjár sýningar eru ólíkar að allri gerð, sýna mismunandi listamenn og hvernig þeir taka á verkefnum sínum, hver á sinn hátt.

Magnús Á. Árnason sýnir bæði málverk og höggmyndir og kaffi- og blekteikningar í svokölluðum Kjarvalssal. Þar getur að líta verk frá mismunandi tíma, og er elsta verkið allar götur frá árinu 1917, en að yngsta er frá því á þessu ári. Magnús er fyrir löngu orðinn landsþekktur fyrir listastörf, sín og hefur hann, eins og allir vita, lagt gjörva hönd á margt. Hann hefur mótað í leir, málað og teiknað, ort ljóð og lög, skrifað bækur og stundað þýðingar. Af þessu má sjá, að Magnúsi hefur orðið mikið úr verki á langri ævi. Hann er nú orðinn rúmlega áttræður, og enn virðist hann hafa starfsþrek, sem margur yngri maðurinn mætti þakka fyrir. Það eru rúmlega hundrað verk á þessari sýningu Magnúsar, og það eitt að koma slíkri sýningu á laggirnar, er mikið verk fyrir mann á níræðis aldri. En Magnúsi er ekki fisjað saman, og hann lætur sig ekki muna um slíka smámuni. Það munu vera um sjö ár, frá því að Magnús hélt einkasýningu á verkum sínum hér í höfuðborginni, en hann hefur tekið þátt í fjölda sýninga á þessu tímabili og ekki látið sinn hlut eftir liggja.

Þegar þessi sýning Magnúsar Á. Árnasonar er skoðuð, kemur vel í ljós, að hann hefur snemma aðhyllst þá litameðferð, sem er auðkennandi fyrir olíumálverk hans. Það fer ekki framhjá neinum, að þegar í elstu verkum á þessari sýningu, kemur fram að Magnús bregður fyrir sig þeirri meðferð á fyrirmyndum og litaskala, sem jafnan hefur einkennt verk hans öðru fremur. Þarna á ég sérstaklega við hinn gráblåa tón, sem Magnús notar mikið, er hann málar landslag. Þessi tónn virðist falla vel að þeim verkefnum, er Magnús glímir við, er hann velur sér fyrirmyndir frá óbyggðum eða þegar hann málar kletta og gjár, hella og hamra. Einn þáttur þessarar sýningar Magnúsar Á. Árnasonar kom mér á óvart. Þar á ég við kaffi— og blekteikningar er hann gerði á árunum 1933 og 1934. Þar er Magnús með myndgerð, sem er ef til vill það sérkennilegasta er hann hefur gert um dagana. Það má með sanni segja, að hér sé á ferð ný hlið á Magnúsi, sem listamanni og óneitanlega víkkar þessi kapítuli í list Magnúsar verkssvið hans sem myndlistarmanns.

Landslag er það, sem mest ber á í myndgerð Magnúsar á þessari sýningu. Hann er einn af þeim listamönnum okkar, sem tekið hafa miklu ástfóstri við náttúru Íslands, og hann gæðir hana svo persónulegri

Framhald á bls. 28

Vatnslitir á Loftinu

Myndlist

eftir VALTÝ PÉTURSSON


Fyrir nokkrum dögum opnaði Torfi Jónsson auglýsingamaður sýningu á nokkrum vatnslitamyndum á vinnustofu sinni að Skúlagötu 61. Það húsnæði er sjálfsagt ágætt til sinna nota, en óhæft fyrir myndlistarsýningu og þar að auki svo erfitt að finna, að jaðrar við, að til þess þurfi aðstoð lögreglu. Hvað um það, sýningin varð ekki langlíf á þeim stað. Nú er búið að flytja sýningu Torfa niður á Skólavörðustíg til Helga Einarssonar á Loftinu. Þar ljóma nú þessar vatnslitamyndir Torfa Jónssonar og gera þessa sýningu að meiri háttar viðburði í myndlistarlífi borgarinnar á þessu hausti.

Sýning Torfa kemur mjög á óvart. Ég man ekki eftir að hafa séð á sýningum myndir eftir Torfa, en vissi hins vegar, að hann er listaskrifari og vel menntaður í sínum auglýsingafræðum, en það, að hann ætti í fórum sínum þær perlur í vatnslitum, sem raun ber vitni, kom mér sannarlega á óvart. Sannleikurinn er sá, að ég hef ekki séð jafn ágæt verk, gerð í vatnslitum, frá okkar fólki um langan tíma, svo hárfína litameðferð, hnitmiðaða af djörfung og innlifun, svo eðlilega myndbyggingu, sterka og rökrétta, sem að vísu sver sig í ætt við bæði Klee og Nolde, en er samt gersamlega sneydd því að vera eftiröpun og sýnir hreinræktuð áhrif, sem eru engum myndlistarmanni nema til sóma. Af svo mikilli einbeitni hefur Torfi sökkt sér niður í myndgerð sína, að með fádæmum má telja. Þannig hefur honum tekist á árunum um 1960 að skila ótrúlegu verki, sem hann síðan í lítillæti sínum hefur varðveitt í möppum og af tilviljun tekið til handargagns fyrir skemmstu, og viti menn — í ljós kemur kapítuli í íslenskri myndlist, sem enginn vissi, að var til. Þetta minnir helst á, þegar merkileg handrit koma í dagsljósið á ólíklegustu stöðum og verða þjóðargersemi. Ég fullyrði, að þessi iðja Torfa Jónssonar er miklu merkari en

Framhald á bls. 28



Komnar aftur



ENSKAR TEPPAMOTTUR
Í GLÆSILEGU ÚRVALI
GEYSIR HF

Gerið góð kaup



okkar verð

	leyft verð	okkar verð
nautahakk 1 kg.	1080.—	700.—
Kindahakk 1 kg.	979.—	650.—
Gúllasch 1 kg.	1687.—	900.—
Kindakæfa 1 kg.	1200.—	1015.—
Lambakjör III flokkur kg.	600.—	503.—
Hangikjöt frampartar	784.—	610.—
Hangikjöt læri	998.—	853.—
Svið 1 kg.		295.—

VM Vörumarkaðurinn hf.
ÁRMÚLI 1 A
MATVÖRUDEILD 86-111 — HÚSGAGNADEILD 86-112
HEIMILISTÆKJADEILD 81-680 — VEFNAÐARVÖRUDEILD 86-113 SKRIFSTOFAN 86-114